

Sp.

517. Fyrirspurn

[281. mál]

til fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra um skattlagningu á raforku til húshitunar.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Kjartani Jóhannssyni.

Telja fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra þörf frekari endurskoðunar á lögum um gjöld á raforkusölu umfram þá breytingu sem gerð var á lögunum um verðjöfnunargjald um s.l. áramót í ljósi hæstaréttardóms frá 16. des. s.l. um innheimtu söluskatts og verðjöfnunargjalds af raforku til varmadælna, dóms sem gengur þvert á úrskurð ráðuneyta um sama efni?

Greinargerð.

Samkvæmt hæstaréttardómi 16. des. 1985 í máli nr. 141/1984 var úrskurðað „að Rafveitu Hafnarfjarðar væri heimilt að afmarka í gjaldskrá hvaða raforkunotkun teldist raforka til húshitunar“. Þessi afmörkun í gjaldskrá Rafveitunnar felur það m.a. í sér að raforkunotkun vegna varmadælna eða tækja til varmaflutnings í loftræstikerfum eða lofthitakerfum telst ekki með raforkunotkun til húshitunar. Í bréfi, dags. 21. sept. 1983, til orkusparnaðarnefndar hefur fjármálaráðuneytið hins vegar úrskurðað að rafmagn til rekstrar varmadælna, sem einungis eru nýttar til húshitunar, sé söluskattsfrjálst og jafnframt hefur iðnaðarráðuneytið tilkynnt, sbr. bréf dags. 22. nóv. 1983 til Hitaveitu Akureyrar, að verðjöfnunargjald skuli ekki greiða af rafmagni til varmadælna.

Samkvæmt þessum úrskurði Hæstaréttar er einstökum rafveitum þannig heimilt að innheimta söluskatt og verðjöfnunargjald af raforku til varmadælna þó að viðkomandi ráðuneyti hafi úrskurðað að slík raforkunotkun eigi hvorki að bera söluskatt né verðjöfnunargjald.

Álagning söluskatts og verðjöfnunargjalds er því í valdi rafveitnanna en ekki viðkomandi ráðuneyta. Raforkunotendum í einu veitukerfi getur því verið gert að greiða þessi gjöld en notendum í öðru kerfi ekki.

Nauðsynlegt er að fá fram hvort ráðherrar telji ekki þörf endurskoðunar á lögum um þessi atriði sem augljóslega leiða til þeirrar niðurstöðu æðsta dómssvalds í landinu að úrskurður ráðuneyta um skattlagningu eða skattleysi eins og hér um ræðir þurfi ekki að gilda að jöfnu fyrir alla þegna landsins. Virðist svo vera nú að einstakar rafveitur geti haft slíkan úrskurð ráðuneyta að engu ef þeim sýnist svo og innheimt skatta fyrir ríkið sem ríkið telur að eigi ekki að leggja á.

Skriflegt svar óskast.